

Fundargerð

Samstarfsnefnd: **Félag lífeindafræðinga (FL) og Landspítala (LSH)**

Teams fjárfundur. 31. október 2022, Fundargerð: SSS

Fundarmenn:

Frá FL: Alda Margrét Hauksdóttir (ALM), Freyja Valsdóttir (FV), Sveindís D. Hermannsdóttir

Frá LSH: Atli Atlason (AA), Oddur Gunnarsson (OG), Sóley S Stefánsdóttir (SSS)

Fyrir fundinum liggja drög að endurskoðuðum stofnanasamningi milli Landspítala og Félags lífeindafræðinga.

Efnislegar breytingar frá fyrri stofnanasamningi eru eftirtaldar:

1. Starfaflokkun „Starfsmaður með B.Sc. í lífeindafræði“ er tekin inn í samning. – Launaflokkur verður 070
2. Starfaflokkun; „Lífeindafræðingur A“, þ.e. byrjandi í starfi, er tekin upp að nýju. – Launaflokkur verður 080
3. Lífeindafræðingur B – Launaflokkur fer úr 070 í 090
4. Lífeindafræðingur C – Launaflokkur fer úr 071-072 í 100
5. Lífeindafræðingur D – Launaflokkur fer úr bili 081-101 í bil 110-111-120
6. Lífeindafræðingur E – Launaflokkur fer úr 091-101 í 130
7. Starfsmaður með B.Sc í lífeindafræði getur fengið 1 þrep í viðbótarmenntun þegar 30 ECTS einingum er náð. Ekki er kostur á öðru þrepi í viðbótarmenntun. Þegar 60 ECTS einingum er náð skapast tækifæri til að sækja um starfsleyfi sem gefur forsendur til að fara í starfaflokk Lífeindafræðingur A.
8. Í kafla 4.1 um mat á menntun bætist: „(90-120 ETCS)“ við meistaraþróf sem gefur 4 þrep.
9. Grein 5 um sérstök og/eða tímabundin verkefni bætt við stofnanasamning. „Lífeindafræðingur D/E sem gegnir stöðu eininga-/aðferðastjóra raðast einu þrepi ofar en ella. Lífeindafræðingur D/E sem gegnir stöðu eininga-/aðferðastjóra með stóra starfsstöð, gæðastjóri deildar, tölvulífeindafræðingur deildar raðast tveimur þrepum ofar en ella.“
10. Grein 6 (áður 5) breytt. Tekið út „ Lífeindafræðingar sem eru vaktavinnumenn á rannsóknarsviði raðast einum launaflokki hærrí en ella“. Inn kemur: „Lífeindafræðingar sem eru vaktavinnumenn á rannsóknarkjarna og ganga vaktir bæði í Fossvogi og á Hringbraut raðast einu þrepi hærrí en ella“.
11. Í fylgiskjali 1 bætist við skilgreining á starfaflokkun fyrir starfsmann með B.Sc. í lífeindafræði
12. Í fylgiskjali 1 bætist við skilgreining á stafaflokkun fyrir lífeindafræðing A. Einnig voru gerðar smávægilegar orðalagsbreytingar í starfaflokkum B.
13. Í fylgiskjal 2 er bætt við nánari skilgreiningu vegna einingafjölda (ECTS) vegna viðbótarmenntunar og meistaraþrófs og settur inn fyrirvari um að einingar skuli aldrei tvítaldar sem grundvöllur hækkunar vegna viðbótarnáms.
14. Sameiginlegur skilningur er milli aðila um að ótilgreind/sólarlag vegna samninga þrep og/eða launaflokka ganga upp í hækkun stofnanasamnings. Það sama á við um launaflokk vegna Sérsmánnings/vakta og 1 vaktaprep. Einnig er skráning vegna viðbótarmenntunar aðlöguð að nýjum samningi.

Gildistími breytinga sem af samningi þessum leiðir er ákveðinn frá og með 1. nóvember 2022. Stefnt er að því að fyrsta launaútborgun samkvæmt samningi þessum verði 1. desember 2022.

Samningurinn er samþykktur af aðilum og ákveðið að undirrita hann með Signet Transfer.

Yfirlýsing félags lífeindafræðinga:

Í viðræðum við samninganefnd LSH óskaði Félag lífeindafræðinga eftir eftirfarandi atriðum sem ekki var orðið við inn í samning sem nú er undirritaður: að samningurinn gildi frá 1 október 2022, að sólarlagsflokkur eða þrep lífeindafræðinga héldist inni, að framvirk hækkun launasetningar starfaflokka væri 1 þrep 1.12.2022 og 1 flokkur 1.2.2023. Það þrep sem allir hækkuðu um þann 1.12.2022 gengi upp hækkunina 1.2.2023.

Næsti fundur verður ákveðinn síðar.

Fundi slitið.

Undirritunarsíða

Fh. Landspítala
Atli Atlason

Fh. Landspítala
Oddur Gunnarsson

Fh. Landspítala
Sóley Snædís Stefánsdóttir

Fh. Félags lífeindafræðinga
Alda Margrét Hauksdóttir

Fh. Félags lífeindafræðinga
Freyja Valsdóttir

Fh. Félags lífeindafræðinga
Sveindís D Hermannsdóttir